

# HS Veitur hf - Ársreikningur 31. desember 2024



Ársreikningur HS Veitna hf. fyrir árið 2024 var samþykktur á fundi stjórnar í dag 24. febrúar 2025.

## Helstu atriði

Hagnaður ársins 2024 var 1.298 m.kr. á móti hagnaði árið 2023 upp á 1.023 m.kr.

EBITDA var 3.820 m.kr. (36,27%) árið 2024 á móti 3.918 m.kr. (39,7%) árið 2023.

Fjárhagsstaða er sterk og horfur góðar. Eiginfjárhlutfall þann 31. desember 2024 er 47,2% en var 45% í ársbyrjun.

Veltufjárhlutfall var 1,35 þann 31. desember 2024 samanborið við 1,36 í árslok 2023.

Sökum náttúruhamfara og óvissu þeim tengdum ákvað stjórn að greiða ekki út arð árið 2024. Rekstur ársins markaðist af náttúruhamförunum og áætlanir í rekstri náðust ekki að fullu.

Hluthafar félagsins eru þrír og skiptist hlutfjáreign þeirra þannig 31.12.2024:

Reykjanesbær	50,10%
HSV Eignarhaldsfélag slhf	49,80%
Suðurnesjabær	0,10%

## Almenn umfjöllun

Hagnaður ársins 2024 nam 1.298 m.kr. á móti hagnaði árið 2023 uppá 1.023 m.kr. Hagnaður af reglulegum rekstri hækkaði um 275 m.kr. Hagnaður fyrir fjarmagnsliði lækkar um 139 m.kr. Tekjur hækkuðu um 663 m.kr. þar af 761 m.kr. vegna tekna af orkusölu.

Tekjur hækkuðu um 6,7% á milli ára. Samkvæmt rekstrarreikningi námu rekstrartekjur HS Veitna 10.534 m.kr. þar af vegna raforkudreifingar og flutnings 5.661 m.kr., vegna sölu og dreifingar á heitu vatni 3.377 m.kr., vegna sölu og dreifingar á fersku vatni 872 m.kr. og vegna annarar starfsemi 623 m.kr. Sambærilegar tölur fyrir árið 2023 eru eftirfarandi: Rekstrartekjur 9.870 m.kr. þar af vegna raforkudreifingar og flutnings 4.801 m.kr., vegna sölu og dreifingar á heitu vatni 2.627 m.kr., vegna sölu og dreifingar á fersku vatni 717 m.kr. og vegna annarar starfsemi 517 m.kr.

Kostnaðarverð sölu hækkaði um 671 m.kr. eða 10,75% á milli ára. Kostnaðarverð sölu nam 6.915 m.kr. árið 2024 (65,7% m.v. tekjur) á móti 6.244 m.kr. árið 2023 (62,2% m.v. tekjur). Meðal helstu rekstrarliða eru raforkuflutningur 1.593 m.kr. (15,1% tekna), kaup á heitu vatni 1089 m.kr. (10,3%), orkukaup hitaveitu í Eyjum 532 m.kr. (5%), raforka vegna tapa í dreifikerfum 220 m.kr. (2%) og kaup á ferskvatni 75 m.kr. (0,7%). Alls nema þessir liðir þá 3.509 m.kr. eða 33,3% af tekjum.

Annar rekstrarkostnaður hækkar á milli ára um 131 m.kr. (980 m.kr. 2024 en 849 m.kr. árið 2023). Laun og launatengd gjöld hækka um 140 m.kr. (8,6%), skrifstofukostnaður hækkar um 86,9 m.kr. (27%) og sameiginlegar afskriftir lækka um 2,4 m.kr. (-4,4%)

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld eru neikvæð um 1.058 m.kr. á árinu 2024 en voru neikvæð um 1.551 m.kr. á árinu 2023. Verðbætur langtímalána lækkuðu um 450 m.kr., voru 701 m.kr. 2024 m.kr. á móti 1.151 m.kr. árið 2023. Vaxtagjöld lækkuðu um 24 m.kr., voru 538 m.kr. 2024 en 562 m.kr. 2023. Til viðbótar kemur hækkun vaxtatekna um 19. m.kr., voru 181 m.kr. 2024 en 162 m.kr. 2023.

Gjaldfærður tekjuskattur nam 282 m.kr. árið 2024 á móti 203 m.kr. árið 2023. Tekið er fram að afkoma ferskvatnsdeildar er undanþegin tekjuskatti og var virk skattprósenta því 16,6% árið 2024 en var 16,6% 2023.

EBITDA ársins 2024 er 3.820 m.kr. (36,27%) á móti EBITDA 3.918 m.kr. (39,7%) fyrir árið 2023.

Samkvæmt efnahagsreikningi eru fastafjármunir HS Veitna hf þann 31. desember 2024 bókfærðar á 32.469 m.kr. og hækkuðu um 711 m.kr. frá ársbyrjun. Fjárfestingar í veitukerfum 2024 námu alls um 1.812 m.kr. þar af vegna raforkudreifingar 1.428 m.kr., vegna sölu og dreifingar á heitu vatni 243 m.kr. og vegna sölu og dreifingar á fersku vatni 141 m.kr. Sambærilegar tölur frá fyrra ári eru eftirfarandi: fjárfestingar í veitukerfum 2.023 m.kr. þar af vegna raforkudreifingar 1.530 m.kr., vegna sölu og dreifingar á heitu vatni 361 m.kr. og vegna sölu og dreifingar á fersku vatni 133 m.kr. Aðrar fjárfestingar svo sem fasteignir, upplýsingakerfi og bifreiðar voru samtals 98 m.kr. á árinu 2024 en 126 m.kr. árið áður og síðan voru seldar bifreiðar fyrir 12 m.kr. en árið áður voru seldar bifreiðar fyrir 23 m.kr.

Samkvæmt efnahagsreikningi er eigið fé í árslok 17.024 m.kr. og er eiginfjárhlutfall félagsins 47,2%. Eigið fé HS Veitna hf nam 15.726 m.kr. þann 31. desember 2023 og eiginfjárhlutfall félagsins 45%.

Fjárhagsstaða félagsins þann 31. desember 2024 er sterk og horfur um rekstur þess góður. Áfram verður unnið að stækkun veitukerfa félagsins eftir því sem þörf krefur og til að tryggja viðskiptavinum félagsins hámarks afhendingaröryggi.

Í áætlunum fyrir árið 2025 er gert ráð fyrir að fjárfestingar HS Veitna hf. verði um 3.551 m.kr. Af fjárfestingunum eru 2.498 m.kr. í raforkukerfunum, 499 m.kr. í hitaveitukerfunum, 249 m.kr. í ferskvatnskerfunum og 305 m.kr. í öðrum fjárfestingum. Ekki er áætluð kaup eigin hlutabréfa. Afskriftir eru áætlaðar um 1.215 m.kr. og afborganir langtímaskulda 1.116 m.kr. Heildartekjur eru áætlaðar 11.024 m.kr., hagnaður 1.545 m.kr. og EBITDA 4.226 m.kr. (38,3%)

Helstu fjárhæðir úr ársreikningnum eru sem hér segir í þús. kr.

	2024	%	2023	%	Breyting milli ára
<b>Rekstrarreikningur</b>					
Rekstrartekjur	10.533.529	100,0%	9.870.380	100,0%	6,7%
Kostnaðarverð sölu	( 6.915.393 )	( 65,7% )	( 6.243.961 )	( 63,3% )	10,8%
<b>Vergur hagnaður</b>	3.618.137	34,3%	3.626.419	36,7%	( 0,2% )
Annar rekstrarkostnaður	( 980.059 )	( 9,3% )	( 849.061 )	( 8,6% )	15,4%
Rekstrarhagnaður fyrir fjármagnsliði	2.638.077	25,0%	2.777.358	28,1%	( 5,0% )
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	( 1.057.612 )	( 10,0% )	( 1.550.693 )	( 15,7% )	( 31,8% )
Hagnaður af reglulegri starfsemi	1.580.465	15,0%	1.226.665	12,4%	28,8%
Niðurfelling langtímaskuldar	0	0,0%	0	0,0%	
Hagnaður fyrir tekjuskatt	1.580.465	15,0%	1.226.665	12,4%	28,8%
Tekjuskattur	( 282.131 )	( 2,7% )	( 203.283 )	( 2,1% )	38,8%
<b>Hagnaður ársins</b>	1.298.334	12,3%	1.023.382	10,4%	26,9%
	<b>31.12.2024</b>		<b>31.12.2023</b>		
<b>Efnahagsreikningur</b>					
Fastafjármunir	32.469.077	90,0%	31.757.839	90,9%	2,2%
Veltufjármunir	3.597.853	10,0%	3.185.705	9,1%	12,9%
<b>Eignir samtals</b>	<b>36.066.930</b>	100,0%	<b>34.943.544</b>	100,0%	3,2%
Eigið fé	17.023.868	47,2%	15.725.534	45,0%	8,3%
Langtímaskuldir	16.387.600	45,4%	16.881.964	48,3%	( 2,9% )
Skammtímaskuldir	2.655.463	7,4%	2.336.047	6,7%	13,7%
<b>Skuldir og eigið fé samtals</b>	<b>36.066.930</b>	100,0%	<b>34.943.544</b>	100,0%	3,2%
<b>Kennitölur</b>					
EBITDA	3.820.215	36,3%	3.917.509	39,7%	( 2,5% )
Veltufjárhlutfall	1,35		1,36		( 0,6% )
Eiginfjárhlutfall	47,2%		45,0%		4,9%

Nánari upplýsingar veitir Páll Erland Forstjóri HS Veitna hf., í síma 422 5200 / 779 6200.